málning

kjörvari

LITAKORT

Veðrið tekur aldrei frí

Það margborgar sig að nýta góða veðrið til að bera á tréverkið og búa viðinn undir rennblautar haustlægðirnar, vorhretið, sólargeisla sumars og napurt vetrarfrost. Kjörvari er íslensk framleiðsla, þróuð til að mæta krefjandi aðstæðum og standast áskoranir íslenskrar veðráttu.

Pallurinn, húsið og tréverkið

Það er mikilvægt að bera Kjörvara á viðinn með reglulegu millibili. Þó að það sé erfitt að spá fyrir um veðrið þá mátt þú vera viss um að gott viðhald sparar stórfé til lengri tíma litið.

Nýi sólpallurinn tekur sig betur út með Kjörvara palla-olíu. Viðurinn nýtur sín betur og heldur styrk sínum margfalt lengur.

Eldri viðarpallar þurfa svolítinn undirbúning áður en pallaolían er borin á flötinn. Viðarskoli er fyrsta skrefið í átt að því að gera sólpallinn eins og nýjan.

Sumarið er tíminn

Það væri synd að sóa sumrinu á fúnum og illa förnum sólpalli. Með góðum undirbúningi og ráðgjöf sérfræðinga okkar getur þú nýtt góða veðrið til að búa í haginn fyrir frábært sumar á palli sem alltaf lítur út eins og nýr.

Gagnsætt eða þekjandi

Það veltur auðvitað á smekk hvort þú velur gagnsæja eða þekjandi viðarvörn. Hægt er að velja milli fjölmargra litbrigða af glærum viðarolíum og enn fleiri lita af þekjandi Kjörvara.

Litir í þúsundatali

Njóttu þess að velja þér Kjörvara með þínum uppá-haldsblæ. Fyrir utan úrvalið hér á þessu litakorti eru ráðgjafar okkar ávallt til í að aðstoða þig við að hrista saman hinn fullkomna lit, einmitt eins og þú vilt hafa hann. Þegar allt kemur til alls átt þú val um liti í þús-undatali.



Gagnsæir litir

Fullkominn kostur á gagnvarið timbur, s.s. viðarpallinn á veröndinni sem þarf að þola mikið álag, bæði umgang og íslenskt veðurfar.
Fæst í meira en 300 litbrigðum.

Þekjandi litir

Hylja viðinn, verja hann fyrir vætu og hleypa öllum raka út. Veðurþolin viðarvörn sem fæst í þúsundum lita og þar með þínum uppáhalds.

Gagnsæir litir | Kjörvari 12 / 13 / 14 / 15 TIX / 22 / 24

HVÍTT

GLÆRT

RAUÐ FURA

RAUÐ EIK

FURA

HNOTA

KIRSUBER

TEKK

EIK

PEROBA

MÓSAÍK

JATÓBA

LJÓS ÚMBRA

GRÆNT

BARR

DÖKK ÚMBRA

BASALT

LINDARBLÁTT

BLÁSKEL

BLÁMI

STRÁ

LÚTUR

VIKUR

GRÁMI

HÚM

HIMINGRÁTT

SKUGGI

REYNISFJARA

Þekjandi litir | Kjörvari 16 / 20

RAUÐVIÐUR

HVÍTT 800

OK

MÁNAHVÍTT

MAHÓNÍ

GLUGGAHVÍTT

KAPRÍHVÍTT 830

LÖGURINN

PALISANDER

RAL 9010

PERLUGRÁTT

LONDONGRÁTT

SEDRUS

FANNHVÍTT

MYNTUGRÁTT

GRÁSTEINN

ASKA

MÁLARAHVÍTT

STRANDGRÁTT 240

GRÁTT 231

VEÐURGRÁTT

MARMARAHVÍTT

LÓMAGRÁTT

GRAFÍTGRÁTT 285

ÍBENHOLT

HRÍSHVÍTT

TINNUGRÁTT

SVART 893

ÓÐALSHVÍTT 810

SEYÐISHÓLAR

YLGRÁTT 210

PRÍMA

SKUGGABRÚNT

RAUTT 677

HORNVÍK

KVÖLDKYRRÐ

JÖRÐ

RAUTT 647

ÓPALGRÆNT 540

ÚTHAF

LEIRHNÚKUR

DUMBRAUTT 687

ÁLMGRÆNT 530

LÁTRABJARG

BYGG

TEKK 728

GRÆNT 570

BLÁTT 495

EDENGULT 325

BRÚNT 758

GRÆNT 581

BLÁTINDUR

RAUÐISANDUR

DÖKKBRÚNT 894

LÁRPERA

INDIGO



Undirbúningur
- númer eitt, tvö og þrjú

Málað í fyrsta sinn

Nýsmíði og timburfletir sem hafa ekki verið málaðir krefjast í sjálfu sér ekki mikils undirbúnings. Samt er vert að hafa í huga að gagnvarið timbur þarf að fá að þorna vel áður en borið er á viðinn. Þá er nóg að slípa létt yfir pallinn og sópa vel. Kjörvari 12/22 í þínum uppáhaldslit er tilvalin vörn. Gáðu að því að liturinn í viðarolíunni veitir vörn gegn sólargeislum sem geta upplitað pallinn með tímanum.

Að yngja upp pallinn

Í öllu viðhaldi á viðarpöllum og tréverki er nauðsynlegt að bera reglulega á timbrið. Til að það gefi sem besta raun er mikilvægt að byrja á því að þrífa pallinn. Sé pallurinn hins vegar farinn að láta á sjá og farinn að grána undan geislum sólar, þá er auðvelt að fríska upp á hann með Viðarskola.

Að endurnýja pallinn

Stundum er pallur orðinn ljótur og flekkóttur eða þess óskað að skipta um lit á honum. Í þessum tilfellum getur verið best að slípa pallinn, en ef yfirborð viðarins er heilt er líka hægt að fjarlægja gömlu olíuna með Pallahreinsi og spara sér þannig vinnu og fyrirhöfn.

Viðarskoli

Til að gera eldri viðarpall eins og nýjan, þarf einfaldlega að undirbúa hann vandlega með Viðarskola. Það er einfalt mál ef þess er gætt að gera hlutina í réttri röð:

1. Berið Viðarskola (óþynntan) á með rúllu eða pensli.
2. Skrúbbið létt til að dreifa efninu, látið liggja í 15–30 mínútur.
3. Skrúbbið eða spúlið efnið af og skolið svo með hreinu vatni.
4. Látið þorna og berið Kjörvara á þurran, hreinan pallinn.

Pallahreinsir

1. Berið Pallahreinsi (óþynntan) á með pensli, rúllu eða sprautu. Látið liggja í 15–30 mínútur. Haldið pallinum blautum með Pallahreinsi.
2. Burstið pallinn með stífum bursta og skolið svo með miklu köldu vatni.
3. Mælt er með Viðarskola til að fjarlægja viðargráma og lýsa viðinn.
4. Þegar pallurinn er þurr þarf að slípa létt með sandpappír, sópa sagi í burtu og olíubera með Kjörvara 12/22 pallaolíu.

Kjörvari 12 / 22

Pallaolía fyrir íslenskar aðstæður

Á palla þar sem umgangur er mikill og aðra fleti þar sem vatn getur safnast fyrir, er fátt sem jafnast á við Kjörvara 12 pallaolíu. Gáðu að því að metta allan viðinn í einni, tveimur eða þremur umferðum, en gættu þess þó að bera ekki svo mikið á flötinn að lakkhúð myndist ofan á timbrinu. Veðraða fleti ætti að þrífa vel með Viðarskola.

Kjörvari 14 / 24 / 15 TIX / 16 / 20

Gluggar, vindskeiðar, skjólveggir, timburhús og annað tréverk

Áður en þú byrjar að mála skaltu fjarlægja gamla, lausa málningu. Ef yfirborðið er illa farið kann að þurfa að slípa það niður. Þá kann að auðvelda verkið að nota Viðarskola. Gáðu að því að viðurinn sé vel þurr þegar byrjað er að mála. Sé gömul og gljáandi málning til staðar skal matta hana vel með sandpappír fyrir málun. Ómálaðan og beran við skal metta „blautt í blautt", þ.e. byrja næstu umferð áður en umferðin á undan er fullþornuð, með glærum Kjörvara 14.

Kjörvari 13

Garðhúsgögn og harðviður

Á garðhúsgögn og harðvið þar sem vatn getur safnast fyrir skal nota Kjörvara 13. Ef yfirborðið er illa farið gæti þurft að slípa það niður. Það auðveldar verkið að nota Viðarskola. Gáðu að því að viðurinn sé vel þurr þegar byrjað er að mála. Varast skal að bera svo mikið á flötinn að lakkhúð myndist.

Þú finnur nánari upplýsingar um undirbúning og málun á vef okkar, www.malning.is/verklysingar-vidarvorn



Viðarskoli

Vatnsþynnt hreinsiefni sem brotnar auðveldlega niður í náttúrunni. Viðarskoli frískar upp á viðarfleti, fjarlægir viðargráma og sveppagróður. Viðarskoli er einkum ætlaður til að hreinsa yfirborð á timbri utanhúss. Hann hentar einnig til að hreinsa gróður og önnur óhreinindi af steinsteypu svo dæmi sé tekið.

Pallahreinsir

Vatnsþynnt, lútarkennt hreinsiefni sem leysir upp gamla pallaolíu og nýtist vel ef lagfæra á flekkóttan pall eða til að skipta um lit. Efnið er ekki ætlað á harðvið. Efnið er ætandi og getur m.a. skemmt gler, léttmálma og gróður.

Kjörvari 12 / 22 pallaolía

Pallaolía er viðarvörn sem smýgur vel inn í timbrið, veitir vörn gegn vatni og vinnur gegn sprungumyndun. Kjörvari 12 er einkum ætlaður á gagnvarið timbur utanhúss – t.d. á palla, skjólveggi o.fl. Kjörvari 22 er vatnsþynnanleg útgáfa af Kjörvara 12 sem gefur af sér minni lykt og inniheldur lægra hlutfall lífrænna leysiefna (VOC).

Kjörvari 13 eðalolía

Þunnfljótandi viðarolía úr sérvöldum hráefnum. Olían smýgur einstaklega vel inn í viðinn og veitir öfluga vatnsvörn. Kjörvari 13 er einkum ætlaður á garðhúsgögn, harðviðarpalla og aðra viðlíka fleti utanhúss.

Kjörvari 14 / 24 gagnsær

Gagnsæ viðarvörn úr vatnsheldum alkýðolíum með öflugum fúa- og rotvarnarefnum og ljósheldum litarefnum. Kjörvari 14 er þunnfljótandi og smýgur vel inn í viðinn, um leið og olían hleypir raka auðveldlega úr viðnum. Kjörvari 14 hentar á hvers konar við, einkum þó utanhúss, þar sem óskað er eftir því að viðaráferðin sjáist.
Kjörvari 24 er vatnsþynnanleg útgáfa Kjörvara 14 sem gefur af sér minni lykt og inniheldur lægra hlutfall lífrænna leysiefna (VOC).

Kjörvari 15 - TIX gagnsær

Gagnsæ viðarvörn úr vatnsheldum alkýðolíum með öflugum fúa- og rotvarnarefnum og ljósheldum litarefnum. Kjörvari 15 er „tixótrópísk" viðarvörn, þ.e. gefur jafnara flæði og slettist síður úr penslinum — sem auðveldar málun upp fyrir sig. Kjörvari 15 smýgur vel inn í viðinn og hleypir raka auðveldlega úr viðnum.

Kjörvari 16 þekjandi

Alkýðolíubundin viðarvörn sem kemur í veg fyrir að viðurinn litist upp af sólarljósinu. Kjörvari 16 myndar mjúka filmu með magnað veðrunarþol og hentar því best á timburfleti utanhúss þar sem þess er óskað að viðaráferðin sjáist vel. Ómálað timbur ætti að grunna fyrst með Kjörvara 14 eða 24.

Kjörvari 20 þekjandi

Vatnsþynnanleg, hyljandi viðarvörn sem ver timbrið gegn sólarljósinu með ljósheldum litarefnum. Einnig með öflugum fúa- og rotvarnarefnum, blöndu af feitu alkýði og 100% akrýlemúlsjón, sem gefur teygjanlega filmu yfir viðarmynstrið. Kjörvari 20 er með frábært vatns- og veðrunarþol, um leið og filman hleypir raka auðveldlega úr viðnum.

SÖLUAÐILI

málning
- það segir sig sjálft -

Dalvegur 18, 201 Kópavogur, sími 580 6000
www.malning.is